kjarninn
44. útgáfa – 19. júní 2014 – vika 25



+ Kjarninn og Wikileaks birta leyniskjöl um TISA

+ Umfangsmikil lögbrot saksóknara í hlerunarmálum

+ Stígur Helgason skrifar um þjóðmenningu og það að fela söguna

ENGINN KEMUR Í STAÐINN FYRIR JÓN GNARR

44. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

19. júní 2014 – vika 25



EFNAHAGSMÁL

Kjarninn og Wikileaks birta leyniskjöl úr hinum yfirþjóðlegu TISA-viðræðum



SJÓNVARP

Guðjón í Oz hefur mikla reynslu af stofnun fyrirtækja



TÓNLIST

Portishead vinnur að nýrri plötu og spilar á Íslandi í júlí

Frábært fólk sem býr ekki í hversdagsleika

Árni Helgason sér fegurð í hversdagslífinu en finnst margir vera að fela hvernig það raunverulega er.

HAM er besta hljómsveit í heimi

Gunnar Valþórsson, fréttamaður og gítarleikari í Strigaskóm nr. 42, svarar sjö spurningum.

Leiðrétting

Í Kjarnanum í síðustu viku var fyrirsögn á grein Sunnefu Völundardóttur sögð vera „Að reisa við virki“. Rétt fyrirsögn átti að vera „Að reisa virki“. Þá var föðurnafn höfundar sagt vera Valdimarsdóttir, ekki Völundardóttir. Beðist er velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



Horfðu á beina lýsingu
Horfðu á leik Úrugvæ og Englands klukkan 19 í beinni hvar sem er á 3G/4G neti Símans. Ef þú ert 3G/4G viðskiptavinur Símans borgarðu ekkert fyrir gagnamagnið þegar þú streymir leiknum með appinu.

Náðu í appið



LEIÐARI
Þórunn Elísabet Bogadóttir

Svarið við misrétti

Réttindabarátta kvenna er ofarlega í huga Þórunnar Elísabetar Bogadóttur eftir Nordiskt forum.

Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum eru Íslendingar bestir í jafnrétti kynja. Við höfum staðið okkur best allra þegar saman er lagður árangur kvenna í stjórnmálum, þátttaka í atvinnulífinu, menntun, heilbrigðisþjónusta og efnahagslegur jöfnuður. Alþjóðaefnahagsráðið segir að Ísland, Finnland, Noregur og Svíþjóð, sem skipa næstu sæti þessa jafnréttislista, hafi náð að brúa rúmlega 80 prósent af kynjabilinu. Þessi ríki hafa líka tekið frumkvæði í mörgum málum sem ætlað er að bæta stöðu kvenna. Þetta skiptir ekki bara máli í þessum ríkjum heldur hafa aðgerðir þeirra orðið öðrum ríkjum fyrirmynd og hvatning.

Á ráðstefnunni Nordiskt forum í síðustu viku var augljóst að hróður Norðurlandaríkjanna hefur borist víða. Fólk annars staðar frá í heiminum var sérstaklega duglegt við að benda á árangurinn sem náðst hefur á undanförnum árum. Það var góð og holl áminning og brýning, vegna þess að

það getur verið svo auðvelt að gleyma því sem vel er gert og einblína á það sem er eftir. Með því að horfa til baka á allt sem þó hefur verið gert er auðveldara að vera bjartsýnn á að restin geti breyst. Bjartsýnin er nauðsynleg í hvers kyns réttindabaráttu ef ætlunin er að halda fólki við efnið.

Því hvað sem hver segir hefur jafnrétti ekki verið náð á Íslandi frekar en annars staðar. Tölfræði um kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamun sýnir það svart á hvítu. Sem dæmi fengum við í síðasta mánuði innsýn í líf konu sem er ofsótt af ofbeldisfullum fyrrverandi maka sínum án þess að brugðist hafi verið almennilega við því. Það er ekkert einsdæmi. Hún, fjölskyldan hennar og samfélagið í kringum hana hafa því þurft að lifa í ótta við þennan eina ofbeldismann. Lagasetning er nefnilega ekki nóg, hugur verður að fylgja máli.

„Rúmlega 80 prósenta jafnrétti er ekki nóg.“

Líklega er það merki um það hversu langt við höfum náð að margir hugsa ekkert um jafnréttismál dags daglega og sjá ekki misrétti jafnvel þótt það blasi við þeim. Forréttindin eru ósýnileg þeim sem hefur þau. Og af þessu sprettur sú umræða að nú sé nóg komið, íslenskir femínistar hafi gengið nógu langt og réttindi sem nú sé barist fyrir snúist um yfirráð kvenna en ekki jafnrétti. Þessi umræða hefur alltaf verið til og hún færist bara til eftir því sem baráttan teygir sig lengra. Það er mjög auðvelt að hrópa öfgar án þess að kynna sér raunverulega hina hliðina á teningnum.

Allt sem hefur verið gert hingað til er nefnilega ekki nóg. Rúmlega 80 prósenta jafnrétti er ekki nóg. Jafnréttasta ríki heims má ekki sætta sig við það og slaka á, heldur þarf að herða róðurinn og halda áfram að vera leiðandi. Rétt eins og með önnur réttindi eru þessi ekki sjálfsögð og óhagganleg. Það verður að standa vörð um þau og fara lengra með þau.

Til þess að ná lengra þarf að virkja fleira fólk, ekki síst karla. Sem betur fer veita sífellt fleiri karlar þessum málstað athygli og vita að aukið jafnrétti gagnast þeim líka. Þeir eru eitt mikilvægasta vopnið í þessari baráttu.

Aukið kynjajafnrétti er líka nátengt annars konar

réttindabaráttu og getur verið mikilvæg hjálparhella í baráttunni fyrir mannréttindum minnihlutahópa. Kvenréttindi og hinsegin réttindi hafa lengi verið samofin og í Evrópu eru femínistar meðal öflugustu baráttumanna gegn rasisma og fasisma. Það geta Íslendingar haft í huga í umræðum sínum þessa dagana. Svarið við misrétti er nefnilega alltaf aukið jafnrétti, það er svo einfalt.

Glæsilegir vinningar fyrir glæsileg tilþrif

Á vegabréfaleikur.is getur þú sent inn myndband af fjölskyldunni að leysa Minute to Win It – Ísland þrautirnar og unnið glæsilegan vinning.

Ekki feimin. Þú gætir unnið þennan glæsilega Samsung Galaxy S5 snjallsíma!





Sæktu Vegabréfið og veldu þraut

Veldu flokk og taktu myndband

Sendu inn á vegabréfaleikur.is

Minute to Win It Ísland

Sýningar hefjast á SkjáEinum næsta haust

Hluti af ferðasumrinu

N1

Leyniskjöl: TISA-samkomulagið

Kjarninn birtir leyniskjöl úr TISA-viðræðunum í samstarfi við Wikileaks. Viðræðunum er ætlað að auka frelsi í þjónustuviðskiptum. Mikil leynd hvílir yfir þeim.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson í samstarfi við Wikileaks
@thordursnaer

Vilji er til þess að vinda ofan af því regluverki sem sett hefur verið á fjármálaþjónustu eftir hrun, liðka fyrir veru lykilstjórnenda og sérfræðinga í fjármálageiranum í öðrum löndum en þeirra eigin umfram aðra og setja upp einhvers konar yfirþjóðlegan dómstól til að taka ákvarðanir um deilumál sem munu spretta upp á milli fjármálafyrirtækja og þjóða í framtíðinni.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skjölum úr yfirstandandi TISA-viðræðum um aukið frelsi fjármálaþjónustu á alþjóðamörkuðum. Skjölin eru dagsett 14. apríl 2014 og hafa aldrei birst opinberlega áður. Wikileaks komst yfir skjölin og ýmsir fjölmiðlar víðs vegar um heiminn greina nú frá þeim. Kjarninn er eini íslenski fjölmiðillinn sem það gerir.

„Þetta samkomulag mun koma fram við farandverkamenn (e. migrant workers) sem vörur og takmarka getu ríkisstjórna til að tryggja réttindi þeirra.“

Hyglar ríkum alþjóðafyrirtækjum

Alþjóðasamtök starfsfólks í almannaþjónustu (PSI) hafa gagnrýnt TISA-viðræðurnar harðlega. Í skýrslu sem þau gáfu út vegna þeirra í lok apríl síðastliðins segir meðal annars að viðræðurnar séu vísvitandi tilraun til að auka hagnað stærstu og ríkustu fyrirtækja og þjóðríkja heims á kostnað þeirra sem verst hafa það. Verði samkomulagið að veruleika muni það auka ójöfnuð gríðarlega.

Með TISA-samkomulaginu, og öðrum slíkum yfirþjóðlegum viðskiptasáttmálum, sé verið að festa í sessi rétt fjárfesta og koma í veg fyrir að ríkisstjórnir geti gripið til aðgerða á fjölmörgum sviðum sem tengist viðskiptum. Á meðal þess sem PSI segir að TISA-samkomulagið muni hafa í för með sér er að ríkisstjórnir muni ekki geta tekið aftur yfir opinbera þjónustu ef einkavæðing hennar hafi mistekist, reglugerðir þjóða sem snúa að öryggi verkamanna verði takmarkaðar, sömuleiðis umhverfisverndarregluverk, neytendavernd og eftirlitsstarfsemi með heilbrigðisþjónustu, orkuverum, úrgangslosun og faggildingu í menntakerfinu. „Þetta samkomulag mun koma fram við farandverkamenn (e. migrant workers) sem vörur og takmarka getu ríkisstjórna til að tryggja réttindi þeirra,“ segir enn fremur í skýrslu PSI.

HVAÐ ER TISA OG HVERJU ER VERIÐ AÐ REYNA AÐ NÁ FRAM?

TISA stendur fyrir Trade In Services Agreement. Viðræðurnar sem nú standa yfir eru marghliða og snúast um að auka frelsi í þjónustuviðskiptum milli landa. Yfirlýst markmið þeirra er að fækka hindrunum í vegi fyrirtækja sem starfa á vettvangi þjónustuviðskipta og auka gegnsæi í milliríkjaviðskiptum með þjónustu. Samningsviðræðurnar skipta Ísland miklu máli enda spanna þátttökuríkin helstu markaðssvæði íslenskra fyrirtækja. Auk einstakra ríkja er Evrópusambandið aðili að viðræðunum.

Samkvæmt skýrslu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Alþingis, sem skilað var inn í mars 2014, eru þjónustuviðskipti nú 36 prósent af heildarviðskiptum Íslands við umheiminn. Þau hafa aukist mikið á síðustu misserum, sérstaklega samhliða ótrúlegum vexti í ferðaþjónustu, sem nú er orðin ein helsta stoð íslensks atvinnulífs. Langflestir Íslendingar starfa líka við þjónustustarfsemi. Árið 2012 átti það við um 76 prósent vinnandi fólks. Meðal þeirra eru starfsmenn í fjármálageiranum, blaðamenn, starfsmenn í verslun, þeir sem sinna opinberri þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga og svo framvegis.

Þrátt fyrir þetta mikla mikilvægi þjónustustarfsemi fyrir heiminn hefur einungis einu sinni verið gerður almennur alþjóðlegur samningur um þjónustuviðskipti. Hann gengur undir nafninu GATS og gekk í gildi árið 1995. GATS-samningurinn er fjarri því að vera óumdeildur þótt hann beri ekki oft á góma í þjóðfélagsumræðunni. Fimm þingmenn Vinstri grænna lögðu til dæmis fram þingsályktunartillögu haustið 2003 þar sem meðal annars var óskað eftir því að gerð yrði úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi. Í greinargerð með tillögunni sagði: „GATS-samningurinn hefur færst æ meira í sviðsljósið síðastliðin 2–3 ár í kjölfar þess að verkalýðsfélög, sjálfstæðir rannsóknaraðilar, háskólar, rannsóknarnefndir þjóðþinga sem og frjálsir félagahópar og samtök, hafa tekið hann til skoðunar. Gagnrýni á samninginn hefur ekki síst beinst að áhrifum hans á stjórnunarhætti hvers þjóðríkis sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sjálfstæði og sjálfræði innlendra stjórnvalda og þær almennu breytingar á félagslegu og efnahagslegu umhverfi sem af samningnum hljótast. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þær skuldbindingar sem ríki gera undir GATS-samningnum eru nánast óafturkræfar og því geta einstaka ríkisstjórnir bundið hendur komandi kynslóða með þvílíkum hætti að vart finnast sambærileg dæmi í öðrum alþjóðlegum viðskiptasamningum.“

Og nú á að hlaða í uppfærða útgáfu á yfirþjóðlegum þjónustusamningi til að þjóna þörfum nútímaviðskipta.

Smelltu hér til að skoða gögnin

Ísland þátttakandi

Mikil leynd hvílir yfir umræddum skjölum og viðræðunum í heild. Þær þykja gríðarlega viðkvæmar, enda verið að sýsla með grundvallarréttindi á vettvangi sem lýtur í raun engum reglum. Á forsíðu skjalanna segir meðal annars að ekki megi aflétta trúnaði á þeim fyrr en fimm árum eftir að TISA-samkomulagið taki gildi eða fimm árum eftir að viðræðunum ljúki, fari svo að samningar náist ekki. Á skjölunum stendur að þau verði að „vera vistuð í lokaðri eða öruggri byggingu, herbergi eða hirslu“.

Viðræðurnar fara líka fram utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og lúta því ekki þeim reglum sem gilda um þá stofnun.


SPILA MYNDBAND

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

LÁTTU HJARTAÐ RÁÐA FÖR

Láttu hjartað ráða för og farðu á toyotahybrid.is



Toyota Hybrid – ástæðan fyrir því að sex milljónir manna aka á ný með gleði í hjarta.

Auris Hybrid - verð frá: 4.590.000 kr.

TOYOTA HYBRID

5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP

40% GÆÐALÁN TOYOTA

Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Billinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Ljóst er á skjölunum að vilji er til þess að auka frelsi fjármálaþjónustu til að stunda sína starfsemi allverulega. Um fimmtíu ríki taka þátt í samningsviðræðunum. Ísland er þar á meðal. Samkvæmt þeim skjölum sem Kjarninn hefur undir höndum gerðu Íslendingar engar athugasemdir við þær tillögur sem settar voru fram.

Afregluvæðing aðalatriði

TISA-viðræðurnar hafa staðið yfir frá því vorið 2013 og samkvæmt þeim litlu tíðindum sem borist hafa af framvindu þeirra hafa þær gengið vel. Sjöttu viðræðulotu lauk í byrjun maí síðastliðins.

Viðræðurnar snúast um alla anga þjónustu og frelsisvæðingu þeirra á alþjóðavettvangi. Skjölin sem Wikileaks hefur undir höndum, og Kjarninn segir nú frá, snúast einvörðungu um þær áherslur sem stefnt er á að ná í gegn varðandi fjármálaþjónustu. Tilgangur viðræðnanna er að tryggja algjört aðgengi á milli markaða þeirra um fimmtíu landa sem að samkomulaginu myndu koma, verði það að veruleika.

Á undanförnum árum – eftir efnahagshrunið sem skall á haustið 2008 – hafa reglur um fjármálaþjónustu verið hertar töluvert á ýmsum sviðum víðs vegar um heiminn. Í þeim samningsdrögum sem Kjarninn er með virðist stefnan með TISA-samkomulaginu að draga töluvert úr þeim reglum. Auk þess er þar að finna ákvæði sem eiga að heimila stjórnendum og sérfræðingum sem starfa í fjármálageiranum betra aðgengi að því að dvelja í samningslöndunum en þeir hafa í dag, enda innflytjendamál og hertar kvaðir í þeim mjög ofarlega á baugi víða um heim um þessar mundir.

Í skjölunum er líka lagt til að settur verði upp nokkurskonar yfirþjóðlegur dómstóll til að útkljá deilumál sem kunna að koma upp á milli þeirra sem aðild eiga að samkomulaginu. Þangað gætu til dæmis fjármálafyrirtæki skotið skorðum sem þjóðríki reyndu að setja þeim.

ÍTAREFNI

The Trade In Services Agreement (TISA)

Coalition of services industries

PSI Special Report: TISA versus Public Services

Scott Sinclair og Hadrian Mertins-Kirkwood fyrir PSI

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

Ólöglegar hleranir undir smásjánni

Vitað er að sérstakur saksóknari braut lög þegar hann var að hlera símtöl. En hvaða afleiðingar mun það hafa?



DÓMSMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Mikil umræða hefur átt sér stað um hleranir hér á landi frá því að dómur féll í svokölluðu Imon-máli 3. júní síðastliðinn, en í því voru Elín Sigfúsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans, og Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri, sýknuð. Steinþór Gunnarsson, fyrrverandi yfirmaður verðbréfamiðlunar bankans, var dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af sex mánuði skilorðsbundið. Líklegt er að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar en endanleg ákvörðun um það liggur ekki fyrir að hálfu sérstaks saksóknara.

Það sem helst hefur orðið tilefni til umræðu, ekki síst meðal lögmanna, er dómsorð þar sem vikið er að hlerunum embættis sérstaks saksóknara á símtölum ákærðu. Orðrétt segir í dómnum: „Með vísan til 1. mgr. 36. gr. laga um meðferð sakamála bar rannsakanda að láta af símhlustun og stöðva upptöku þegar ljóst var að um var að ræða samtal milli ákærðu og verjenda þeirra. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 85. gr. sömu laga bar jafnframt að farga upptökum símtalanna þegar í stað. Hvorugt var gert og fólu framangreindar rannsóknaraðgerðir, eins og að þeim var staðið, í sér brot gegn tilvitnuðum ákvæðum laga um meðferð sakamála.“

„Ljóst er að sambærileg atvik þeim sem hafa verið dæmd ólögmæt í héraði hafa komið upp áður.“

Fleiri tilvik

Lögmenn margra þeirra sem hafa verið til rannsóknar vegna mála sem tengjast efnahagshruninu hafa áður kvartað yfir því hvernig staðið hefur verið að hlerunum. Hörður Felix Harðarson hrl., lögmaður Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, hefur verið í hópi þeirra sem hafa gagnrýnt hvernig að þessu hefur verið staðið. Hann fékk sjálfur að hlusta á hleruð símtöl sérstaks saksóknara sem voru tekin upp og geymd og voru þar á meðal símtöl Harðar við Hreiðar Má. Þetta var það sama og var uppi á teningnum í Imon-málinu og dómari dæmdi ólölegar rannsóknaraðferðir. Ljóst er því að sambærileg atvik þeim sem dæmd hafa verið ólögmæt í héraði hafa komið upp áður.

Kjarninn beindi fyrirspurnum um þessi mál til embættis sérstaks saksóknara í mars síðastliðnum eftir að upplýsingar bárust til ritstjórnar um að samtöl blaðamanna við suma þeirra sem hefðu verið til rannsóknar hefðu verið hleruð og þau geymd. Samkvæmt svörum frá embættinu var tekið fram að svo væri ekki, það er að samtöl blaðamanna við fólk væru ekki hleruð og geymd. Lögð væri áhersla á það að afla aðeins upplýsinga um það sem máli skipti, öðru væri eytt. En í ljósi þess hvernig hlerunin færi fram væri óhjákvæmilegt að símtöl sem vörðuðu annað en málið sem til rannsóknar væri gætu verið hleruð af starfsmönnum embættisins. Þeim bæri hins vegar að eyða öllu sem ekki tengdist málinu, og þá væri óheimilt að hlera símtöl milli lögmanna og þeirra sem til rannsóknar væru. Í einhverjum tilvikum kynni að hafa orðið misbrestur á þessu, en þá hefði verið brugðist við því og öllu efni eytt sem þyrfti að eyða.

Líka í rauntíma

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur auk þess svarað því til að ekki sé hlerað í rauntíma heldur séu tekin upp öll samtöl, á grundvelli dómsúrskurðar þar sem heimildartímabil til hlerunar er tiltekið, og síðan fari starfsmenn sérstaks saksóknara í gegnum þau eftir á og meti hvað eigi erindi við málið og hvað ekki. Samkvæmt heimildum Kjarnans er þessi lýsing ekki alls kostar rétt. Í mörgum tilvikum hafa starfsmenn embættisins hlerað símtöl í rauntíma og hafa getað fylgst með því í gegnum tölvukerfi hvenær sá sem heimilt er að hlera hefur átt samtöl í síma. Það er ekkert annað að gera en að setja heyrnartólin á höfuðið og hlusta á það sem fram fer.

Ríkissaksóknari skoðar málið

Ríkissaksóknari hefur haft starfsaðferðir embættis sérstaks saksóknara til skoðunar og rannsóknar í nokkuð langan tíma, ekki síst vegna síendurtekinna kvartana lögmanna yfir starfsaðferðum þegar kemur að hlerunum. Fyrrnefndur Hörður Felix hefur átt í formlegum samskiptum

við ríkissaksóknara vegna þessara mála fyrir hönd Hreiðars Más og krafist þess að ólöglegum hlerunum verði hætt hið snarasta, og hefur einnig fært fyrir því rök fyrir dómi að þessar ólöglegu aðgerðir saksóknara eigi að vera næg ástæða til þess að vísa málum á hendur Hreiðari Má frá dómi. Grafalvarlegt sé að beita ólölegum rannsóknaraðferðum í málum og það eigi að nægja til þess að láta mál niður falla.

Eins og áður segir hefur sérstakur saksóknari alfarið hafnað þessu, telur hleranirnar ekki vera neina ástæðu til þess að vísa málum frá eða fella niður mál.

Í bréfi sem Hörður Felix sendi sérstökum saksóknara hinn 11. mars í fyrra tilgreinir hann sérstaklega fjögur símtöl þar sem sérstakur saksóknari var að hlera samtal Harðar og Hreiðars Más. Þau fóru fram á árinu 2010, 20. og 28. apríl, og síðan hinn 20. og 26. maí sama ár. Þessi símtöl fóru fram skömmu áður og skömmu eftir að Hreiðar Már hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, en fallist var á beiðni sérstaks saksóknara um það hinn 7. maí 2010.

HLERANIR HAFA EKKI RÁÐIÐ ÚRSLITUM Í NEINU MÁLI

Hrunmálin sem hafa komið til kasta dómstóla eru nokkur og varða margvísleg efnhagsbrot. Í þeim málum þar sem sakfelling hefur náðst fram hafa hleranir á símtölum, löngu eftir atburðina sjálfa, hvorki skipt neinu máli fyrir sönnunarfærslu fyrir dómi né heldur þegar kemur að rökstuðningi dómara þegar á hólminn er komið.

Töluvert hefur verið vitnað til tölvupósta fyrir dómi í aðalmeðferðum og skýrslutökum en lítið sem ekkert til upplýsinga sem hafa komið fram í hlerunum símtala.

Í flestum málunum, sem varða meðal annars brot á lögum um innherjaviðskipti, markaðsmisnotkun, umboðssvik og fjársvik, hefur verið stuðst við frumgögn um viðskipti, gögn um fjármagnshreyfingar og síðan skjalfesta pappíra þar sem aðdraganda ákvörðunar er lýst, svo sem fundargerðir.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sendi Herði Felix svarbréf níu dögum síðar, hinn 20. mars 2013. Í því segir hann orðrétt, um ástæður þess að símtölin milli hans og Hreiðars Más voru geymd eftir að þau voru tekin upp: „Skýringin á því hvers vegna umræddum símtölum var ekki eytt á réttum tíma eru eftirfarandi: Þau símtöl sem hlustuð voru á umræðuddum tíma voru tekin upp með aðstoð tölvurannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þau

voru síðan hlustuð af rannsakendum málsins sem skráðu sem skráðu niður í stuttu máli í sérgreint ritvinnsluskjal það sem þeim þótti skipta máli og tengjast rannsókn viðkomandi mála jafnóðum og þeir fóru yfir símtölin. Brýnt var fyrir þeim að hætta að hlusta á símtöl þegar í ljós kæmi að sakborningur væri að ræða við verjanda sinn og skrá þá alls ekki niður í viðkomandi skjal það sem fram hefði komið í símtalinu áður en það varð ljóst. Einhver þeirra starfsmanna sem skráði símtölin með þessum hætti virðist hins vegar hafa gert þau mistök að geta alls ekki um þessi símtöl í því minnisblaði sem útbúið var vegna hlustunarinnar.“




Í bréfinu er jafnframt tekið fram að nokkurn tíma hafi tekið fyrir embættið að búa til gott verklag við hleranirnar en árinu 2011 hafi það verið komið í viðunandi horf. Þá hafi verklagi verið breytt „þannig að í stað þess að unnið sé í þremur skjölum við greiningu símtala þá er unnið í einu skjali nú sem minnkar líkur þess að viðlíka atvik eigi sér stað,“ segir orðrétt í bréfi Ólafs Þórs.

Hæstaréttardómur gæti skapað mikilvægt fordæmi

Fari svo að Hæstiréttur staðfesti dóminn í Imon-málinu, þar sem hleranir sérstaks saksóknara á samtölum milli verjanda og sakbornings eru sagðar ólöglegar, gæti það dregið dilk á eftir sér, ekki síst í ljósi þess sem hér er lýst. Rækileg gögn og viðurkenning embættis sérstaks saksóknara liggja fyrir á því að verklagið við hleranir hafi brotið gegn lögum í fleiri málum, meðal annars í málum sem varða Hörð Felix Harðarson og Hreiðar Má Sigurðsson.

70 ára lýðveldisafmæli

17. júní haldinn hátíðlegur



Mynd: Rakel



Mynd: Birgir Þór

Ferðamennirnir hrifnir af Fjallkonunni á 17. júní

Þjóðhátíðardeginum var fagnað um allt land á þriðjudaginn með skipulögðum hátíðarhöldum. Dagurinn í ár var blautur eins og fyrir 70 árum þegar blekið úr penna Sveins Björnssonar rann í rigningunni á Þingvöllum 1944.

Á Austurvelli steig Valgerður Guðjónsdóttir söngkona á stokk sem Fjallkonan og flutti Mynd til Láru, ljóð Valgeirs Guðjónssonar. Erlendu sendiherrarnir sem sátu athöfnina hrifust svo af Fjallkonunni að flestir sáu sig knúna til að taka myndir. Erlendir ferðamenn voru jafnframt fjölmennir í hópi áhorfenda.[2]

Skrúðganga var þá frá Austurvelli og í Hólavallakirkjugarð[1] þar sem bein Jóns Sigurðssonar hvíla. Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, lagði blómsveig á leiði hans að viðstöddu margmenni. **BÞH**

NIVEA MEN

ÞAÐ BYRJAR HJÁ ÞÉR



ÞAÐ ER TIL BETRI LEIÐ TIL AÐ RÓA HÚÐINA

Prófaðu nýju NIVEA MEN Sensitive næringuna eftir rakstur.
Án alkóhóls og berst gegn sviða, kláða og roða.

*Ekkert Etanól

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík

Ætlar ekki í landsmálin næsta áratuginn



Mynd: Rakel

VIÐTAL

Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Dagur B. Eggertsson er nýr borgarstjóri Reykjavíkur. Hann tók við lyklunum af Jóni Gnarr í byrjun vikunnar. Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem Dagur er borgarstjóri. Hann náði að vera slíkur í 100 daga frá haustinu 2007 og fram í janúar 2008, á einu stormasamasta tímabili í sögu borgarinnar. Dagur er 42 ára í dag, 19. júní. Þrátt fyrir frekar ungan aldur hefur hann átt langan pólitískan feril. Hann var bæði formaður Félags framhaldsskólanema og formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands áður en hann var kosinn fyrst í borgarstjórn fyrir Reykjavíkurlistann í maí 2002, þá ekki orðinn þrítugur. Í millitíðinni lauk hann námi í læknisfræði.

Dagur segist vera betur í stakk búinn í dag til að gegna stöðunni en hann var þegar hann settist síðast í borgarstjórastólinn. „Ég hélt að ég væri alveg tilbúinn þá. En maður er alltaf að læra, sem betur fer. Þessi tími með Jóni og Besta flokknum hefur verið mjög lærdómsríkur og ég er nú mun betur að mér í öllum rekstri sem borgin kemur að. Eftir hrunið þurftum við að velta öllu við og nota öll tækifæri til að spara. Það útheimti mikla vinnu og yfirlegu en maður öðlast mikla reynslu af því. Hana mun ég nýta.“

„Það er þörf á uppbyggingarstarfi. Ég er alveg sammála því. En ég held að núverandi forysta og þingflokkur Samfylkingarinnar eigi að ráðast í það. “

Sá borgarstjóri sem Dagur er að taka við af er líklega eftirminnilegasti borgarstjóri sem Reykjavík hefur átt. Og þótt víðar væri leitað. Hvort sem fólk elskar eða þolir ekki Jón Gnarr verður hann kyrfilega greyptur í minni allra. Og Jón ákvað að hætta, þrátt fyrir að skoðanakannanir hafi gefið það skýrt til kynna að hann hefði getað setið áfram á valdastóli hefði hann kosið svo. Dagur segir að hann og Jón hafi leitað að fordæmum fyrir því hvernig embættisskipti færu fram þegar borgarstjóri stigi til hliðar með þessum hætti. „Við fundum engin dæmi um það að borgarstjóri hefði stigið til hliðar án þess að sitja áfram í borgarstjórninni,“ segir Dagur.

Það fer enginn í fötin hans Jóns

Þeir tveir, Dagur og Jón, unnu náið saman síðasta kjörtímabil. Dagur segir Jón vera einstakan og að hann hafi haft mjög mikil áhrif á hvernig hann hugsi og nálgist stjórnmál. „Ég var og er jafnaðarmaður og verð það án efa allan minn feril. En Jón breytti því hvernig ég nálgast viðfangsefnin, samskipti við fólk og samskipti í hóp. Sérstaða hans og styrkur er að hann nær til fólks í samfélaginu sem enginn annar stjórnmálamaður á möguleika á að ná til. Og nær eyrum sem eru almennt ekki að hlusta á það sem er að gerast í pólitík. Svo hefur hann það líka á valdi sínu að tala beint inn í hjörtun á fólki. Ekki bara með því hvað hann segir heldur hvernig hann segir það. Ekki bara með því sem hann gerir heldur hvernig hann gerir það. Það gerir hann einstakan."

Spurður hvort það sé þá útilokað að nýi borgarstjórinn muni leiða næstu gleðigöngu í draggi eins og Jón Gnarr gerði ítrekað staðfestir Dagur það. „Ég ætla mér ekki að reyna að fara í fötin hans Jóns. Það getur það enginn. Hvorki ég né nokkur annar. Það er eitt af því sem ég hef lært. Að finna styrk í því sem maður gerir þegar maður hættir að reyna að fara í annarra manna föt eða að fylgja einhverjum formúlum. Maður verður að finna kjarnann í því sem maður vill gera og standa fyrir. Og vera síðan eins afslappaður og eðlilegur í því og maður getur."



DAGUR B. EGGERTSSON UM SAMEININGU SVEITARFÉLAGA

„Það er hægt að vera í góðu samstarfi. Við höfum sýnt það á síðustu árum. En ég hef lengi talað fyrir því að það þurfi að fækka sveitarfélögum á íslandi og að róttæk skref í því væru mjög skynsamleg. Ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir, vegna þess að þessar mörgu og dreifðu og litlu einingar eru hluti af vanda byggðanna. Þar er ekki hægt að veita þá öflugu þjónustu sem fólk kallar eftir.
Á höfuðborgarsvæðinu eru sveitarfélögin hins vegar flest stór þó að þau séu mjög tengd. Við erum þegar í byggðarsamlögum með almenningssamgöngur og sorpið, þannig að samstarfið er náið. Við þurfum númer eitt að tryggja að við náum þeim árangri sem þarf til að höfuðborgarsvæðið þróist á góðan hátt og skapi þau tækifæri sem þarf til framtíðar. Ef samstarfið væri slæmt væri er engin önnur leið en að fara í sameiningar. En á meðan samstarfið er gott liggur ekki jafnmikið á því. Og svo er hitt. Ég hef stundum sagt að það séu örugglega allir til í að sameina sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema ef Reykjavík leggur það til. “

Ný hugsun og tilraunastarfsemi

Allar skoðanakannanir sem gerðar voru í aðdraganda nýliðinna sveitarstjórnarkosninga bentu til þess að myndun meirihluta Samfylkingar og Bjartrar framtíðar, arftaka Besta flokksins í Reykjavík, yrði formsatriði. Þegar talið var upp úr kössunum kom hins vegar í ljós, þrátt fyrir mikla fylgisaukningu Samfylkingarinnar, að flokkarnir tveir væru ekki með nægilega marga borgarfulltrúa til þess. Leita þyrfti víðar til að mynda nýjan meirihluta. Það kom hins vegar á óvart að bæði Vinstri grænum og Pírötum skyldi vera boðið í þann meirihluta, þegar ljóst var að einungis þyrfti annan flokkinn til að mynda meirihluta. Margir hafa fullyrt að þetta hafi verið gert annaðhvort til að dempa kostnað vegna kosningaloforðs Vinstri grænna um gjaldfrjálsan leikskóla eða einangra ríkisstjórnarflokkanna saman í minnihluta.

Dagur segir hvorugt rétt. Það hafi ekki síður verið hugmynd fulltrúa Pírata og Vinstri grænna að allir hittust saman strax frá upphafi. „Við höfðum alveg séð fyrir okkur að heyra í þeim hvoru í sínu lagi í upphafi. Þannig að þetta fæddist út úr opnu samtali okkar á milli.

Eitt af því sem mér hefur fundist einkenna borgarstjórnina undanfarin misseri er ný hugsun og tilraunastarfsemi í pólitík á undaförnum árum. Ég held að það hafi gert pólitíkinni almennt mjög gott. Þetta er framhald af því. Og ég held að í þessum fjölbreytileika liggi mikill styrkur. Píratar koma

inn með mikla áherslu á lýðræðismál og ná í fyrsta skipti inn í borgarstjórn. Ég held að það sé mjög heilbrigt að þeir fái að spreyta sig. Þessi breidd verður styrkur. Það mun reyna á alla aðila í samstarfinu á kjörtímabilinu en ég er bjartsýnn á að þetta verði gott.“



Framsókn þarf svigrúm til að útskýra

Mikið fjaðrafok var í kringum Framsóknarflokkinn í kosningabaráttunni, aðallega vegna ummæla forystumanna framboðsins um lóðaúthlutanir undir mosku í Reykjavík og annarra sem margir túlkuðu sem útlendingaandúð. Það er þó ljóst að eitthvað sem Framsóknarflokkurinn gerði virkaði. Hann er nú með tvo borgarfulltrúa í höfuðborginni í fyrsta sinn í 40 ár. Forvígismenn nýs meirihluta, meðal annars Dagur, hafa hins vegar sagt að Framsóknarflokkurinn sé ekki stjórntækur. Hvað á hann við með því?

„Á meðan það er óljóst hvaða sýn Framsóknarflokkurinn hefur á jafnræði og mannréttindi í samfélaginu verður að gefa honum svigrúm til að tala skýrar og gera hreint fyrir sínum dyrum áður en hægt erað svara því hvort flokkurinn er tækur til stjórnarsamstarfs. Það er ekki verið að kvarta yfir umræðu heldur því að það sé verið að ala á ótta og



BYRJAÐU SNEMMA AÐ SPARA
HÆTTU SNEMMA AÐ VINNA

Arion banki

tortryggni milli fólks. Að stilla hluta samfélagsins upp sem einhvers konar óvini eða láta að því liggja. Það finnst mér að Framsóknarflokkurinn verði að skýra. Hvar hann stendur í þessum málum. Framsóknarflokkurinn er líka í ríkisstjórn og það skiptir mjög miklu máli að fá þetta á hreint.“

Húsnæðismarkaðurinn er þensluhvetjandi

Stærsta kosningaloforð Samfylkingarinnar í aðdraganda síðustu kosninga var að byggja 2.500-3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir í höfuðborginni. Ekki eru allir á þeirri skoðun að hið opinbera eigi að koma að slíkum framkvæmdum. Auk þess virðist vera að skapast mikið þensluástand í íslenska hagkerfinu vegna stórframkvæmda og það er ekki beint eftir hagfræðibókinni að auka opinberar framkvæmdir á slíkum tímum. Það gæti virkað sem olía á eld.

Dagur segir stöðuna á húsnæðismarkaði í Reykjavík hins vegar vera þensluhvetjandi í sjálfri sér. „Það að fasteignaverð sé að fara upp fer inn í verðbólguna og eykur þenslu. Hins vegar þarf auðvitað líka að læra af sögunni og horfa á heildina þegar verið er að horfa á framkvæmdir, en ég held



að það hljóti að vera breið samstaða um það að húsnæðismálin hafi þar forgang umfram margt, ef ekki flest, annað.

Það er ekki sama hvernig þetta er gert og við höfum verið að skoða fordæmi erlendis. Reykjavíkurborg er mjög stór landeigandi og þarf að koma að málum á einn eða annan hátt með lóðaúthlutunum. Valkostirnir eru því kannski þeir að lóðum undir leiguíbúðir sé úthlutað án mikilla skilyrða í þeirri von að þar rísi leiguíbúðir, eða að lóðirnar séu lagðar inn í félög sem eigið fé gegn því, eða sem trygging fyrir því, að leiguíbúðir rísi og að þetta verði leigufélög til langs tíma. Við erum að horfa á síðari leiðina. Rannsóknarskýrslan um Íbúðalánasjóð geymir mörg dæmi um að fyrri leiðin hafi verið farin. Það áttu að verða til leigufélög með íbúðir á viðráðanlegu verði en það gerðist ekki heldur lenti í braski á brask ofan þar sem leigjendur sátu eftir með sárt ennið. Við erum búin að draga lærdóm af þeirri sögu til að tryggja að þetta verði langtímaleigufélög og að íbúðirnar verði á viðráðanlegu verði.“

DAGUR B. EGGERTSSON UM AF HVERJU SAMFYLKINGUNNI Í REYKJAVÍK GEKK VEL

„Ég veit það ekki. Það er mjög mismunandi hvað fólk segir. Húsnæðismálin eru eitt þeirra mála sem fólk nefnir. Svo er þetta líklega samspil margra þátta. Ríkisstjórnin hefur ekki verið að setja fram spennandi sýn á framtíðina. Mér finnst hún ekki skilja Reykjavík. Mér finnst hún ekki skilja þörfina fyrir fjölbreytt atvinnulíf; þekkingargreinar, græna hagkerfið eða skapandi greinar. Hún hefur talað fyrir mjög gamaldags lausnum í atvinnumálum. Ég held að það hafi hjálpað í þeirri merkingu að fólk sjái okkur sem valkost. Reykjavík þarf að eiga skýra rödd. Og það er mikilvægt að líta á borgarlíf og spennandi borgarþróun sem tækifæri en ekki ógn.
Borgin getur ekki gert allt í atvinnumálum, og á ekki að gera það. En við settum atvinnustefnu fyrir tveimur árum þar sem við erum að reyna að vinna að aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Þetta kristallaðist í aðalskipulaginu.
Ég held að ríkisstjórnin hafi gert mikil mistök með því að skera niður styrki til rannsókna, vísinda og til Kvikmyndasjóðs. Svo er auðvitað ferðaþjónustan dæmi út af fyrir sig. Við Íslendingar veðjuðum á hana til að fjölga störfum mjög hratt. Ég hef hins vegar áhyggjur af því að hún verði ekki í stakk búin til að borga góð laun. Það á að vera rauði þráðurinn til framtíðar, að skapa vel borgandi störf. Þar er áhersla okkar hér í borginni. Við eigum ekki að vera að keppa við láglaunasvæði heimsins heldur þurfum við að skapa okkur sérstöðu og byggja á hugviti og þekkingu sem skapar verðmæti og getur staðið undir launum og þeirri velferð sem við viljum búa við.“

Byggja fyrir ungt fólk

Byggingarkostnaður á hvern fermetra er mjög dýr á Íslandi og Íslendingar hafa haft tilhneigingu til að vilja búa á ansi mörgum fermetrum. Í nýlegum framkvæmdum, stúdentagörðum í Vatnsmýrinni sem voru opnaðir í fyrra, var gerð tilraun með annars konar íbúðarform. Þar eru híbýlin sjálf minni, en íbúarnir deila sameiginlegum svæðum á borð við eldhúsaðstöðu. Dagur sér fyrir sér að slíkar leiðir gætu hentað til að búa til hagkvæmt íbúðarhúsnæði sem ungt fólk hefur efni á að leigja. Þetta skipti sérstaklega máli miðsvæðis í borginni þar sem þorri ungs fólks vilji búa en margir hafi ekki efni á. „Ég held að við þurfum að leyfa okkur ákveðna tilraunastarfsemi og hugsun um hvernig við ætlum að búa til að ráða við verkefnið vegna þess að það er alveg ljóst að byggingarkostnaður á fermetra er hár. Finnar búa til dæmis á helmingi færri fermetrum en við. Getur verið að kjörstærðin liggi á milli þeirra og þess sem við vorum að gera fyrir hrun?

„Mikilvægi borga er að aukast vegna þess að þær stækka og straumurinn liggur þangað en líka vegna þess að þar er hið efnahagslega afl.“

Það er hætta á því að þær íbúðir sem verði byggðar í miðborginni verði of dýrar fyrir ýmsa hópa. Mýrargata 26, Skuggahverfisblokkirnar, Mánatúnið og íbúðirnar sem eiga að rísa í kringum Hörpu eru allt stórar og flestar dýrar íbúðir sem er alveg ljóst að verða ekki á allra færi. Við höfum því sagt að borgin þurfi að koma inn og tryggja í gegnum skipulag að þarna muni líka rísa líka litlar og meðalstórar íbúðir og að byggðin verði blönduð. Við erum að skoða fjölmörg svæði, til dæmis Vesturbugtina og Kirkjusand. Þetta er allt hluti af þessum íbúðum sem við ætlum að koma að byggingu á. Á næstu vikum verður farið yfir áætlanir og svo væntanlega kynnt nánar í haust hvernig við sjáum þetta fyrir okkur.“



Ákvörðun um léttlest möguleg á þessu kjörtímabili

Áhersla síðasta meirihluta í borgarstjórn á fjölbreyttari samgöngumöguleika, hjólreiðar og almenningssamgöngur, fór varla framhjá neinum. Og fór gríðarlega í taugarnar á mörgum aðdáendum einkabílsins.

Að sögn Dags verður haldið hratt áfram á sömu braut. „Við erum nýbúin að gera greiningu í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem sýnir okkur fram á það að ef velgengni Strætó BS heldur áfram – farþegum þar fjölgaði um 33 prosent á síðasta kjörtímabili – þurfum við einfaldlega afkastameiri almenningssamgöngur, sérstaklega á þessum stóru og hröðu stofnleiðum. Þarna eru ýmsir valkostir og mismunandi leiðir sem borgir hafa farið í þessu. Annars vegar er það sem hefur verið kallað léttlestir á hjólum – hraðvagnar sem líkja eftir lestum og hafa forgang í umferðinni og komast hratt á milli staða – og svo hins vegar léttlestarkerfi sem sumar borgir hafa verið að velja. Það er þó nokkuð dýrara en laðar að fleiri farþega. Þetta er mál sem ég vil að við tökum af skarið með á allra næstu misserum.“

Dagur telur það vel koma til greina að ákvörðun um slíkt risaskref í almenningssamgöngum Reykvíkinga verði tekin

á þessu kjörtímabili. „Við erum að vinna að svæðisskipulagi með hinum sveitarfélögunum. Það er nokkuð góð samstaða að hugsa í þessa átt. Mér fyndist það mjög spennandi. Ákvörðun er hins vegar eitt en skipulag og framkvæmd annað. Það er oft sagt að eftir að ákvörðun hefur verið tekin taki 7-10 ár að koma svona afkastameira samgöngukerfi á koppinn.“

Ekki á leið í landsmálin

Þrátt fyrir að Samfylkingunni hafi gengið mjög vel í Reykjavík í síðustu kosningum verður ekki það sama sagt um árangur hennar á landsvísu. Og í síðustu þingkosningum beið flokkurinn afhroð. Að mati margra, bæði innan og utan flokksins, er hann að upplifa leiðtoga- og jafnvel hugmyndafræðilega krísu. Það er því stíft horft til Dags með það fyrir augum að hann gefi færi á sér sem næsti leiðtogi Samfylkingarinnar. Er hann farinn að hugleiða að taka það skref?

„Nei. Ég er mjög ánægður með árangur flokksins hér í Reykjavík og hann hefði gjarnan mátt vera meiri annars staðar á landinu. Ég held að jafnaðarstefnan eigi mjög mikið erindi og það er klárt verk að vinna innan flokksins. Það er þörf á uppbyggingarstarfi. Ég er alveg sammála því. En ég held að núverandi forysta og þingflokkur Samfylkingarinnar eigi að ráðast í það. Og ég skal glaður styðja þau í því en ég er augljóslega ekki á leiðinni í landsmálin. Ég er nýorðinn borgarstjóri og hef mín verk að vinna hér.“

Spurður hvort það komi til greina að færa sig yfir í landsmálin einhvern tímann segist Dagur ekki sjá það fyrir sér í fyrirsjáanlegri framtíð. „Það hefur svo sem oft komið upp á árum áður. En þegar ég hef farið í gegnum þetta með sjálfum mér hafa þessi verkefni í borginni alltaf verið það stór og mikilvæg og spennandi í mínum huga að þau hafa togað meira. Ég held að borgarmálin séu svolítið vanmetin stærð í pólitík. Mér finnst skrýtið að heyra það að það sé einhvern veginn sjálfsagt að menn fari í sveitarstjórnarmál en fari síðan á þing og í landsmál. Í Danmörku er til dæmis býsna algengt að fyrrverandi þingmenn og ráðherrar fari í

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

HLEDSLA.IS

NÝTT ÚTLIT Á HLEÐSLU
OG NÝR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR



SAMA HVAÐ GERIST
LÍKAMINN ÞARF HLEÐSLU

sveitarstjórnarmálin og spreyti sig á þeim. Borgarstjórinn í Kaupmannahöfn var ráðherra. Og borgarstjórar í mörgum stærri borgum hafa einnig komið úr röðum þingmanna.

Mikilvægi borga er að aukast vegna þess að þær stækka og straumurinn liggur þangað en líka vegna þess að þar er hið efnahagslega afl. Þar skapast fjölbreytni í störfum sem nýjar kynslóðir kalla eftir. Þar ræðst samkeppnishæfni milli þjóða, þannig að pólitík á þessari öld verður að stórum hluta borgarpólitík.“

Hvað er fyrirsjáanleg framtíð?

„Ég hef lært að það er gott að vera með fimm ára plan og að maður eigi ekki að fullyrða neitt um mál sem eru lengra en tíu ár fram í tímann.“

Er þá hvorki á fimm ára né tíu ára planinu að fara í landsmálin?

„Nei.“

Lyklarnir afhentir
Jón Gnarr lét formlega af embætti á mánudag þegar ný borgarstjórn fundaði í fyrsta sinn í Ráðhúsinu. Jón var feginn að losna og var sæll þegar hann afhenti Degi lykilinn að Höfða.

Mynd: Birgir Þór





HM 2014

Leikvikan 19. – 25. júní

riðlakeppninni lýkur

A-riðill
- Brasilía
- Króatía
- Mexíkó
- Kamerún

B-riðill
- Spánn
- Holland
- Sjíle
- Ástralía

C-riðill
- Kólumbía
- Grikkland
- Fílabeinsströndin
- Japan

D-riðill
- Úrugvæ
- Kosta Ríka
- England
- Ítalía

E-riðill
- Sviss
- Ekvador
- Frakkland
- Hondúras

F-riðill
- Argentína
- Bosnía
- Íran
- Nígería

G-riðill
- Þýskaland
- Portúgal
- Gana
- Bandaríkin

H-riðill
- Belgía
- Alsír
- Rússland
- Suður-Kórea

Smelltu á riðlana til að hlusta á greiningu þeirra í HM-hlaðvarpi Kjarnans

Úrslit riðlanna ráðast og 16 liða úrslit hefjast brátt

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta, sem fram fer í Brasilíu, heldur áfram næstu vikuna með riðlakeppninni. Kjarninn mun fylgjast náið með gangi mála á meðan keppni stendur. Leikjadagskráin fyrir komandi viku er hér að neðan. Þá er hægt að hlusta á hlaðvarpsþættina Á hliðarlínunni þangað sem Adolf Ingi Erlingsson fékk til sín góða gesti til að fjalla um alla riðlana á HM.

Fimmtudagur 19. júní
16:00 Kólumbía - Fílabeinsstr.
19:00 Úrugvæ - England
22:00 Japan - Grikkland

Föstudagur 20. júní
16:00 Ítalía - Kosta Ríka
19:00 Sviss - Frakkland
22:00 Hondúras - Ekvador

Laugardagur 21. júní
16:00 Argentína - Íran
19:00 Sviss - Frakkland
22:00 Hondúras - Ekvador

Sunnudagur 22. júní
16:00 Belgía - Rússland
19:00 Suður Kórea - Gana
22:00 Nígería - Bosnía

Mánudagur 23. júní
16:00 Holland - Sjíle
16:00 Ástralía - Spánn
20:00 Króatía Mexíkó
20:00 Kamerún - Brasilía

Þriðjudagur 24. júní
16:00 Ítalía - Úrugvæ
16:00 Kosta Ríka - England
20:00 Grikkland - Fílabeinsstr.
20:00 Japan - Kólumbía

Miðvikudagur 25. júní
16:00 Nígería - Argentína
16:00 Bosnía - Íran
20:00 Hondúras - Sviss
20:00 Ekvador - Frakkland

Domino's

Þolinmæði er dygð

Guðjón Már Guðjónsson hjá Oz hefur mikla reynslu af stofnun fyrirtækja.



Guðjón Már Guðjónsson, stofnandi og forstjóri Oz, segir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hafa tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Mikil hreyfing á hæfileikaríku fólki eftir hrun bankanna skipti þar máli en líka vitundarvakning hjá fólki í atvinnulífinu. Það sé meðvitaðara um mikilvægi frumkvöðlastarfs og nýsköpunar fyrir hagkerfið en það var áður. Framtíðin er björt, segir Guðjón Már, en það verði að sýna mikla þolinmæði.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

Gunnar Valþórsson

Gítarleikari í Strigaskóm nr. 42

Dimitri er sennilega upp-áhaldslagið

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Góða veðrið og börnin mín.

Hvert er helsta áhugamál þitt?

Ég spila á gítar í Strigaskóm nr. 42. Það er aðaláhugamálið og ég er orðinn verulega spenntur fyrir menningarviðburðinum Eistnaflugi í Neskaupstað í sumar.

Hvaða bók lastu síðast?

Palo Alto eftir Hollywood-stjörnuna James Franco. Hann kom mér skemmtilega á óvart.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

HAM er besta hljómsveit í heimi og er þar af leiðandi er uppáhaldslagið með HAM. Erfitt að gera upp á milli, en Dimitri er sennilega mitt uppáhalds. Enda skírði ég köttinn minn einu sinni í höfuðið á laginu.

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Ætli það sé ekki fjármálaráðherra.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Um þessar mundir er þetta auðveld spurning. Brasilía yrði alltaf fyrir valinu. Ef ég gæti reddað miða á leik með Frakklandi væri það ekki verra.

AF NETINU

Samfélagið segir

um hálfkæring Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur

Facebook



MATTHIAS IMSLAND

Jæja hvernig ætlar spunalidid ad snúa út úr þessu.

Miðvikudagurinn 18. júní 2014



THORUNN UNNARSDÓTTIR

Hún var ekkert að flýta sér að leiðrétta þetta þar sem fylgið rauk upp einmitt vegna þessa.

Miðvikudagurinn 18. júní 2014



HALLA SVERRISDÓTTIR

Hún mun aldrei fást til að viðurkenna að fylgi Framsóknar í þessum kosningum hafi fyrst og fremst fengist út á beinan eða óbeinan áróður gegn innflytjendum og daður við íslamófóbíu. Um leið er umræðan andvana fædd.

Miðvikudagurinn 18. júní 2014

Twitter



GUNNAR BJÖRNSSON @gunnarbjorns

Athyglisvert. Fyrst að ná í fylgið út á þessa stefnu svo að segja þetta misskiling. http://fb.me/1W3pRjlGx

Miðvikudagurinn 18. júní 2014



MAGNUS THOR @magnusthor

Andstæðingar mosku sitja eftir með skeggið í póstkassanum. Framsókn var með lygamerki á tánum allan tímann. http://fb.me/2XL6U1Mak

Miðvikudagurinn 18. júní 2014



ASGEIR HARALDSSON @asgeirhar

Misskilningur hja #framsókn. Ég vil alls ekki að #Sveinbjörg Birna "sleiki skóna mína" eins og fram kom í frettum #RUV.

Miðvikudagurinn 18. júní 2014

BAKHERBERGIÐ

Forsætisráðherra of seinn

Gestur sem rambaði inn í Bakherbergið var staddur á Austurvelli snemma á þjóðhátíðardaginn til að fylgjast með hefðarfólkinu ganga til guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Hann fylgdist meðal annars með forsetahjónunum Ólafi Ragnari og Dorrit ganga inn um kirkjudyrnar og hvernig þeim var síðan lokað í kjölfarið. Það kom því á gestinn þegar allt í einu birtist dökkur bíll á hraðferð við Austurvöll og út steig Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Hann virtist af tilburðum á hraðferð, enda of seinn í guðsþjónustuna, og flýtti sér inn um þegar lokaðar dyrnar.

Vilja losna við Benedikt Bogason

Lögmaður Hreiðars Más Sigurðssonar hefur kært sérstakan saksóknara fyrir brot í opinberu starfi vegna hlerana. Dómarinn sem kvittaði upp á þær er nú hæstaréttardómari og heitir Benedikt Bogason. Í Bakherberginu sjá sumir lögmenn glitta í mikið samsæri. Þeir telja að verjendateymi meintra hrunmanna vilji ná sér niðri á Benedikt fyrir að hafa dæmt Ragnar H. Hall og Gest Jónsson til réttarfarssektar fyrir að segja sig frá Al-Thani málinu og koma um leið í veg fyrir að hann fengi að dæma í Imon og Aurum-málunum þegar þau kæmu fyrir Hæstarétt.

SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!

KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**








5-1!
Europees en wereldkampioen Spanje vernederd
SUPERSTER | Kan Messi eindelijk zijn voorbeeld Maradona evenaren?





Mynd: AFP

Aftökur í Írak

Þessari mynd, ásamt fjölda annarra, var dreift á vefnum á dögunum og sýna þær allar fjöldaaftökur Hins íslamska ríkis Íraks og Austurlanda nær (ISIS) á öryggisvörðum í Írak. ISIS hefur lagt undir sig stór landsvæði í Írak að undanförnu en markmið samtakanna er að leggja undir sig löndin fyrir botni Miðjarðarhafs.



Mynd: AFP

Leita þriggja táninga í Palestínu
Ísraelsher eyðir nú gríðarlegum kröftum í leit að þremur ísraelskum táningum sem herinn telur herskáa Palestínumenn hafa numið á brott. Stórar hersveitir hafa því undanfarna daga farið milli húsa á Vesturbakkanum og upp í hæðirnar og handtekið 41 Palestínubúa.



Mynd: Kvinna till Kvinna/Twitter

Þingi norrænna kvenna lauk í Malmö

Hátt í 10.000 konur frá öllum Norðurlöndunum sóttu þing norrænna kvenna og hugmyndatorg jafnréttis í Malmö um liðna helgi. Þar af voru um 360 gestanna frá Íslandi. Á þinginu var staða kvenna í samfélögum heimsins rædd og hvernig gera mætti betur til framtíðar til að jafna hlut kvenna og karla.



Niðurlægðu ríkjandi meistara

Hollendingar og Spánverjar mættust í fyrsta leik sínum á HM í Brasilíu fyrir viku. Skemmst er frá því að segja að Hollendingar niðurlægðu Spánverja með því að vinna þá 5-1 í frábærum leik. HM hefur farið vel af stað og nær allir leikirnir í fyrstu umferð riðlakeppninnar hafa verið gríðarspennandi.

Mynd: AFP

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74


SAFFRAN



Lestakerfið enn lamað í Frakklandi

Enn eru fjölmargir franskir lestarstarfsmenn í verkfalli, þrátt fyrir að nokkur stéttarfélög hafi gefist upp og leyft félögum sínum að snúa til vinnu á ný. Er þetta lengsta verkfall lestarstarfsmanna í sögu Frakklands. Stjórnvöld þar viðurkenna rétt fólks til að leggja niður störf og hyggjast ekki setja lög á það.

Mynd: AFP



SPES Kærir spítala fyrir að hafa minnkað typpið svo hann geti ekki stundað kynlíf

Typpið minnkaði í aðgerð og hjónabandið fór í mask

Kanadískur maður sem er lamaður fyrir neðan mitti hefur kært spítala í Montréal fyrir gáleysi í aðgerð sem hann gekkst undir fyrir tveimur árum og varð til þess að typpið hans minnkaði. Nú getur hann ekki stundað kynlíf, sem varð til þess að eiginkona hans fór frá honum. Huffington Post greinir frá þessu.

„Þetta hefur haft meiri áhrif á líf mitt en þegar ég missti máttinn í fótunum," sagði maðurinn við kanadíska fjölmiðla. Hann vildi þó ekki koma fram undir nafni.

Maðurinn óheppni var að stunda kynlíf með konu sinni fyrir þremur árum þegar hann slasaðist á typpinu. Hann leitaði þá aðstoðar á spítalanum, þar sem hjúkrunarkona leit á typpið en rannsakaði það ekki náið, þar sem áverkinn var álitinn smávægilegur. Liðu svo vikur þar til maðurinn fékk sérfræðing til að athuga málið. Var niðurstaða hans sú að typpið hefði í raun orðið fyrir nokkrum skaða.

Í kærunni á hendur spítalanum segir að maðurinn hafi næst gengist undir aðgerð sem hafi skilið eftir sig mikið ör og minnkað typpið um tommu í lengd. **BÞH**

kjarninn 19. júní 2014

Eru Íslendingar hættir að nota hreina orku?

Birna Sigrún Hallsdóttir verkfræðingur og Hrafnhildur Bragadóttir lögfræðingur skrifa um endurnýjanlega orku og upprunaábyrgðir.





Margir hafa líklega rekið upp stór augu við lestur á orkureikningnum sínum undanfarin misseri, hafi þeir á annað borð tekið eftir yfirliti þar sem fram kemur að hluti þeirrar orku sem íslensk orkufyrirtæki afhenda viðskiptavinum sínum sé framleiddur úr jarðefnaeldsneyti og kjarnorku, orkugjöfum sem segja má að hafi farið fremur hljótt í raforkuframleiðslu hér á landi. Ástæðan er þó ekki sæstrengur sem lagður var í skjóli nætur eða leynileg gasorku- og kjarnorkuver í afdölum, heldur sala íslenskra orkufyrirtækja á svokölluðum upprunaábyrgðum til Evrópu. Sala upprunaábyrgða hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár og samkvæmt nýrri samantekt Orkustofnunar fyrir árið 2013 telst nú vel innan við helmingur, eða 39%, af seldri raforku á

Íslandi, endurnýjanleg orka. Stærsti hlutinn, 61%, telst hins vegar eiga rætur að rekja til kjarnorku og jarðefnaeldsneytis.

Viðskipti með upprunaábyrgðir

En hvað eru upprunaábyrgðir og hvernig stendur á að vatns- og jarðvarmaorkan sem notuð er hér á landi breytir um nafn við að þessar ábyrgðir eru seldar úr landi? Segja má að upprunaábyrgð sé nokkurs konar gæðavottun á raforku sem felur í sér staðfestingu á að hún sé framleidd með orkugjöfum sem skilgreindir hafa verið sem endurnýjanlegir. Framleiðsla endurnýjanlegrar eða hreinnar orku er yfirleitt dýrari en framleiðsla orku af öðrum uppruna, svo sem kola- eða gasorku. Til að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku ákvað Evrópusambandið að bæta framleiðendum hennar upp erfiða samkeppnisstöðu með því koma á fót kerfi sem gerir þeim kleift að selja, óháð orkunni sjálfri, þá staðreynd að orkan sé endurnýjanleg. Með þeim hætti eru framleiðendur endurnýjanlegrar orku hvattir til aukinna umsvifa, auk þess sem stuðlað er að nýfjárfestingum sem ekki hefðu verið hagkvæmar án kerfisins.

„Kaupendur upprunaábyrgða eru fyrst og fremst fyrirtæki í Evrópu sem hafa ekki aðgang að endurnýjanlegri orku en vilja styðja við framleiðslu hennar.“

Kaupendur upprunaábyrgða eru fyrst og fremst fyrirtæki í Evrópu sem hafa ekki aðgang að endurnýjanlegri orku en vilja styðja við framleiðslu hennar. Með því að kaupa upprunaábyrgðir öðlast fyrirtækin rétt til að lýsa því yfir að orkan sem þau ýmist nota sjálf eða selja öðrum sé endurnýjanleg. Í staðinn skuldbinda seljendur upprunaábyrgða sig til að selja samsvarandi hluta af hreinu orkunni sinni undir þeim formerkjum að hún sé framleidd úr jarðefnaeldsneyti og kjarnorku, sem er hin dæmigerða samsetning orkugjafa í Evrópu. Með einfölduðum hætti má líkja þessu við að tveir kaupmenn, sem selja sams konar vörur en af mismunandi gæðum, geri samkomulag um að víxla innihaldslýsingum á vörum sínum áður en þær eru afhentar kaupendum. Þótt slíkar æfingar teldust í flestum tilvikum

andstæðar góðum viðskiptavenjum er rétt að benda á að viðskipti með upprunaábyrgðir eru í fullu samræmi við lög og reglugerðir sem settar hafa verið hér á landi í samræmi við EES-samninginn.

Er hægt að selja sama hlutinn tvisvar?

Einstaklingar og fyrirtæki í Evrópu verða sífellt meðvitaðri um uppruna orkunnar og áhrif orkunotkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að kaupa upprunaábyrgðir geta fyrirtæki bætt ímynd sína, lokkað til sín viðskiptavini og jafnvel uppfyllt lagalegar kröfur, enda heimila upprunaábyrgðirnar þeim að lýsa því yfir að starfsemi þeirra nýti hreina orku og valdi minni losun gróðurhúsalofttegunda og minni kjarnorkuúrgangi en ella.

En lítum á hina hliðina á peningnum. Meginforsenda þess að kerfið virki sem skyldi er að hver upprunaábyrgð sé aðeins notuð einu sinni, enda yrðu áhrif á orkunýtingu og losun gróðurhúsalofttegunda lítil ef heimilt væri að margnýta þennan eftirsóknarverða eiginleika orkunnar. Þess vegna gera reglur um upprunaábyrgðir ráð fyrir að seljendur afsali sér rétti sínum til að auglýsa orkuna sem endurnýjanlega og lýsi því beinlínis yfir að hún teljist framleidd úr jarðefnaeldsneyti og kjarnorku, líkt og íslensk orkufyrirtæki gera nú á rafmagnsreikningum viðskiptavina sinna. Kaupendum þessarar orku, til dæmis stóriðjufyrirtækjum og gagnaverum hér á landi, er því tæplega stætt á að segjast eingöngu nota hreina orku í starfsemi sinni, nema þau kaupi upprunaábyrgðir eða upprunavottaða orku.

Ávinningur af sölu upprunaábyrgða og áhrif á ímynd Íslands

Upprunaábyrgðir eru ný tekjuöflunarleið fyrir framleiðendur endurnýjanlegrar orku. Af hraðri söluaukningu milli ára verður ekki dregin önnur ályktun en sú að íslensk orkufyrirtæki ætli sér að nýta þessa tekjuöflunarleið til hins ítrasta. Þrátt fyrir þetta hefur lítil opinber kynning eða umræða farið fram um viðskiptin og því síður um hvað þessi

gagngera breyting á bókhaldslegri orkusamsetningu Íslands hefur í för með sér fyrir íslensk fyrirtæki og ímynd landsins. Þá virðist gengið út frá því að fjárhagslegur ávinningur af sölu upprunaábyrgða sé meira virði en að íslensk orka verði áfram endurnýjanleg – á pappírunum jafnt sem í reynd.

Það kemur því á óvart að markaðsverð íslenskra upprunaábyrgða er með því lægsta sem þekkist í Evrópu og að hagnaður orkufyrirtækja af viðskiptunum er að sama skapi lítill. Í því sambandi skiptir máli að kaupendur upprunaábyrgða eru í auknum mæli reiðubúnir að greiða hærra verð ef þeir geta verið vissir um að fjárstuðningur þeirra stuðli að raunverulegum árangri í að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku, einkum ef sá árangur verður í þeirra nágrenni. Sem dæmi má nefna að hollenskir kaupendur upprunaábyrgða greiða margfalt hærra verð ef ábyrgðirnar eru gefnar út vegna vindorkuframleiðslu í Hollandi en vegna vatnsaflsorku í Noregi. Til að bregðast við þessu hafa fjölmörg erlend orkufyrirtæki hlotið formlega viðurkenningu á að tekjur af sölu upprunaábyrgða renni til nýfjárfestinga í endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Íslensk fyrirtæki hafa hins vegar ekki sóst eftir viðurkenningu af þessu tagi og virðast ekki hafa mótað sér stefnu um hvernig ágóðanum skuli varið.

„Af hraðri söluaukningu milli ára verður ekki dregin önnur ályktun en sú að íslensk orkufyrirtæki ætli sér að nýta þessa tekjuöflunarleið til hins ítrasta.“

Umhverfisleg áhrif viðskiptanna

Markmið kerfis með upprunaábyrgðir er að auka notkun endurnýjanlegrar orku og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hafa verður í huga að hver upprunaábyrgð sem seld er frá Íslandi hefur í för með sér að einhvers staðar í Evrópu er notuð óhrein orka undir þeim formerkjum að um endurnýjanlega orku sé að ræða. Markaðsverð íslenskra upprunaábyrgða er lágt og því má segja að með þessu fyrirkomulagi sé orkunotendum í Evrópu gert kleift að réttlæta áframhaldandi notkun óhreinnar orku með litlum tilkostnaði, án þess að nokkur aukning verði á framleiðslu

endurnýjanlegrar orku hér á landi umfram það sem orðið hefði hvort sem er. Það er því við hæfi að enda þessar hugleiðingar á að spyrja hvort sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum sé til þess fallin að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegrar orku – eða hvort það sé hugsanlegt að hún hafi öfug áhrif?

Höfundar vinna hjá Environice – Umhverfisráðgjöf Íslands

Árni Helgason
lögmaður



Frábæra fólkið

Árni Helgason skrifar um fegurðina í hversdagsleikanum og frábæra fólkið sem virðist alls ekki búa í honum.

Flestir sem ég þekki á mínum aldri eru á svipuðum stað í lífinu – kláruðu námið fyrir nokkrum árum, eru að taka fyrstu skrefin á vinnumarkaðnum og búnir að stofna fjölskyldu, eða reyna það að minnsta kosti mjög stíft.

Þetta líf útheimtir mikla orku; vinnan teygir sig oft upp í 10 tíma á dag, þar af 1-2 tíma á kvöldin, ásamt því að skutl til og frá leikskóla, dagmömmu og í tómstundir tekur ekki undir klukkutíma á dag. Svo þarf að versla í matinn og elda, setja í uppþvottavél, svæfa og reyna að sinna einhverjum heimilisstörfum, eins og að vinna á þvottafjallinu í sófanum, milli þess sem reynt er að fylgjast með fréttum og vera current og ferskur á samfélagsmiðlunum.

Þegar þetta er frá er allt hitt eftir. Allir hlutirnir sem maður á að vera að sinna fyrir sjálfan sig, eins og að hreyfa sig reglulega, hugsa vel um sig og stunda einhverjar ótrúlega áhugaverðar tómstundir.

Aldrei búið

Allt eru þetta verkefni sem eru aldrei alveg búin. Flestir gætu gert meira heima við, klárað að koma þessu eða hinu í lag, leikið meira við börnin, lagt meira í eldamennskuna og unnið meira í sjálfum sér. Sjálfur hef ég aldrei upplifað augnablik þar sem fullkomnu jafnvægi er náð og ekkert frekar þarf að gera.

Þó að þetta geti verið þreytandi held ég að þetta sé samt heilbrigt ástand. Það á að vera álag, hæfilega mikið drasl og ekki of mikill svefn á þessum árum ævinnar. Sennilega er það sem okkur finnst vera álag ekkert miðað við hvernig þetta var áður fyrr. Amma mín eignaðist ellefu börn á um 25 árum og vann lengst af fyrir heimilinu sem fiskverkakona. Lítill tími til að vera á Facebook þar en samt hafðist þetta einhvern veginn.

„Það á að vera álag, hæfilega mikið drasl og ekki of mikill svefn á þessum árum ævinnar. “

Óhversdagslegar myndir

Það er ákveðin fegurð í hversdagsleikanum. En samt er það þannig að á tímum þar sem allir eiga að vera eins og þeir eru og enginn á að fela neitt virðist það sama ekki eiga við um hversdagslífið. Við reynum að láta líta út fyrir að það sé alltaf allt tandurhreint hjá okkur. Óvæntar heimsóknir eru t.d. illa séðar nú til dags því þá gefst húsráðendum ekki tóm til að framkvæma hraðtiltekt heima fyrir og fela hversdagslífernið. Í hversdagsmyndaáskoruninni á Facebook birti enginn myndir af ósamanbrotnum þvotti, grátandi börnum og uppvaski. Annað hvort lifa vinir mínir miklu meira spennandi lífi en ég gerði mér grein fyrir eða þá að þeir ákváðu að setja sig í einhverjar stellingar, því hversdagsmyndirnar voru meira eða minna allar af fólki í fjallgöngum, kajakróðri, útihlaupum, dansi og garðrækt.

Í grunninn er þetta ekki skrýtið. Í fjölmiðlum og víðar er aldrei fjallað um hversdaginn. Það er engin sérstök hetjudáð að koma krökkunum í rúmið, vaska upp og brjóta saman þvottinn fyrir klukkan tíu á kvöldin. Enginn hefur fengið

sjónvarpsþátt um það. Þess í stað eru fjölmiðlar yfirfullir af umfjöllun um frábæra fólkið sem virðist vera algerlega laust við hversdagslegt áreiti og getur bara þess í stað eytt tíma sínum í að elda góðan og framandi hollustumat, stunda jóga, pæla í hönnun og hreyfa sig.

Þetta er eins og að horfa á fólk úr öðrum heimi. Það gengur og hjólar mikið, því það er óspennandi og gamaldags að vera háður bíl. Ég myndi ekki geta gert neitt yfir daginn ef ég hefði ekki bíl. Frábæra fólkið leggur sér eingöngu til munns lífrænar og hollar matvörur, helst eitthvað sem það ræktar sjálft. Ég hef ca. 20 mínútur á dag til að versla og má helst engan tíma missa í að velja og pæla í vörum. Frábæra fólkið hefur tekið íbúðina sína í gegn oft og mörgum sinnum, því það er svo niðurdrepandi þegar umhverfið heima fyrir er ekki hvetjandi. Þar er aldrei ósamanbrotinn þvottur eða grátandi börn. Þetta horfum við hin á í lífsstílsþáttunum og lesum um í blöðunum og reynum svo að aðlaga líf okkar.

„Ég hefði gaman af því að sjá lífsstíls-þátt þar sem væri tekið hús á fimm manna fjölskyldu í brimrótinu um kvöldmatarleytið.“

Organdi börn í lífsstílsþætti

Ég hefði gaman af því að sjá lífsstílsþátt þar sem væri tekið hús á fimm manna fjölskyldu í brimrótinu um kvöldmatarleytið. Leikföng og dót úti um allt á gólfinu, leirtauið meira og minna óhreint í eldhúsinu og þáttastjórnandinn yrði að koma sér fyrir á milli þvottastaflanna í sófanum. Foreldrarnir andvarpandi á milli organna í börnunum og unglingurinn á heimilinu myndi skella hurðum nokkrum sinnum af því að pabbi og mamma skilja hann ekki.

Kannski fengi þetta ekki mikið áhorf og líklegt er að styrktaraðilar myndu halda að sér höndum. En er ekki alveg óþarft að fela það hvernig við lifum í raun og veru?

APPIÐ

Gunnlaugur Reynir Sverrisson
Framkvæmdarstjóri
mymxlog.com



GOOGLE KEEP

Var Evernote fíkill en skipti yfir í Google Keep í fyrra. Ekki eins mikið af möguleikum sem er kostur frekar en galli.

INSTAPAPER

Frábær leið til að halda utan um lengri greinar af netinu. Renni svo yfir þær í ró og næði um helgar.


FALCON PRO

Besta Twitter appið fyrir android. punktur. Fullt af möguleikum sem vantar í „opinbera“ appið.

TÆKNI Tölvuleikur sem sýnir fjall tilfinninga þinna

Þeir sem hafa séð kvikmyndina Her muna kannski eftir því þegar persóna Joaquin Phoenix spilar nýstárlegan þrívíddartölvuleik þar sem aðalpersónan er orðljót og dónaleg vera. Hönnuður þessa atriðis í myndinni er David OReilly sem er nú búinn að búa til tölvuleik fyrir okkur; fólkið í raunveruleikanum.

„Mountain“ heitir sá leikur en hann gengur út á að þú svarir nærgöngulli spurningu um ástir, hatur og tilfinningar gagnvart móður þinni. „Leikurinn krefst upplýsinga nær sál þinni en þú munt nokkurn tíma leyfa Facebook að vita,“ segir OReilly.



Spilarinn svarar erfiðu persónulegu spurningunum með því að teikna mynd sem leikurinn tekur á móti.

Myndinni er svo breytt í fjall sem fær eigið líf og breytist eftir því sem tíminn líður. Fjallið má skoða frá öllum sjónarhornum, í fjarlægð eða nálægð.

OReilly segist hafa valið fjöll til að sýna tilfinningar fólks því þau tákna ró. Þau smána líka fólkið sem þykist vera stórt með öll mannvirkin sín.

OReilly segist hafa fengið áhuga á að búa til leiki eftir að hafa unnið við Her og að Mountain hafi svarað heilmörgum spurningum sem áður höfðu vaknað.



Portishead vinnur að nýrri plötu

Portishead spilar í fyrsta sinn á Íslandi á All Tomorrow´s Parties í júlí. Gítarleikarinn Adrian Utley segist ætla að spila lög af öllum plötum sveitarinnar.

TÓNLIST
Benedikt Reynisson
@BensonFantastik

Hljómsveitin Portishead á sér marga aðdáendur hér á landi og hefur hún verið að með hléum í rúm tuttugu ár. Sveitina stofnuðu þau Geoff Barrow og Beth Gibbons í Bristol árið 1991 og nefndu hana eftir smábæ suður af borginni. Upptökustjóri fyrstu breiðskífu sveitarinnar, Dummy, sem kom út árið 1994, var gítarleikarinn Adrian Utley og gekk hann til liðs við sveitina í upptökuferli hennar.

Portishead var leiðandi afl í tónlistarstefnu sem oft er nefnd trip hop, var ríkjandi í Bretlandi snemma á tíunda áratug síðustu aldar og gaf einnig af sér tónlistarfólk á borð

við Massive Attack, Tricky og Goldfrapp. Dummy seldist í bílförmum í heimalandi sveitarinnar og náði hún einnig að afla sér mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. Önnur breiðskífa hennar er samnefnd sveitinni og var hún ekki síður vinsæl þegar hún kom út árið 1997. Hljómsveitin tók sér hlé frá útgáfu og spilamennsku árið 1999 og á meðan sinntu meðlimir hennar öðrum verkefnum við góðan orðstír. Beth hefur gefið út eina sólóskífu, hina mögnuðu Out of Season sem hún gerði með Paul Webb, bassaleikara Talk Talk. Geoff hefur starfrækt hliðarverkefni á borð við Quakers og Beak og svo hefur Adrian m.a. haldið úti Adrian Utley's Guitar Orchestra meðfram því að spila inn á og taka upp plötur Goldfrapp.

„Myndirnar sem ég hef séð af Íslandi minna mig töluvert á vesturhluta Skotlands, nema hvað Ísland minnir mig aðeins meira á landslagið á tunglinu.“

Þriðja breiðskífa Portishead, Third, kom út árið 2008 og eru margir aðdáendur sveitarinnar jafnvel á því að hún sé besta verk hennar hingað til.

Spila í fyrsta sinn á Íslandi

Kjarninn setti sig nýverið í samband við Adrian Utley, sem var staddur í hljóðveri sínu í miðborg Bristol, og spurði hann meðal annars um væntanlega tónleika á tónlistarhátíðinni All Tomorrow's Parties sem fram fer á Ásbrú dagana 10.–12. júlí næstkomandi. Þar kemur Portishead fram ásamt tónlistarmönnum á borð við Mogwai, Shellac, Swans, Liars, Sóleyju, Kurt Vile, Devendra Banhart, Slowdive, HAM og Low.

Er þetta í fyrsta skiptið sem þú heimsækir Ísland?

Já, ég hef aldrei áður komið til Íslands en mér hefur lengi þótt landið mjög heillandi og við hlökkum mjög mikið til að koma þangað. Ég hef séð töluvert af íslenskum kvikmyndum sem hafa gefið mér einhverja mynd af því hvernig landið er. Myndirnar sem ég hef séð af Íslandi minna mig töluvert á vesturhluta Skotlands, nema hvað Ísland minnir mig aðeins meira á landslagið á tunglinu. Ég veit hins vegar ekki hvernig það er að spila á Íslandi en þar sem hátíðin er haldin af All Tomorrow's Parties getur þetta ekki verið neitt minna en frábært.



Enn á fullu
20 ár eru liðin frá því að Dummy, frumburður Portishead, kom út. Hljómsveitin er enn á fullu og vinnur að nýrri plötu.

Verðið þið með stóra hljómsveit á tónleikunum á Ásbrú?
Við verðum með sömu hljómsveit og við höfum alltaf spilað með fyrir utan einn nýjan hljómborðsleikara.

Hvernig er tónleikaprógrammið byggt upp hjá ykkur?
Við ætlum að spila lög af öllum plötunum okkar. Sum lög getum við þó ekki spilað á tónleikum, þar sem hljóðvinnsla þeirra er of flókin fyrir lifandi flutning. Við spilum ekkert nýtt efni, því miður, af því við erum ekki með neitt tilbúið.

Þið eruð að spila á nokkrum tónlistarhátíðum í sumar. Eruð þið vandlát þegar kemur að því að velja hátíðirnar sem þið spilið á?
Já, við erum vandlát á allt sem við gerum. Við gerum nánast ekkert án þess að vera sátt við það.

Vill hanga með Sigur Rós

Þið hafið verið töluvert mikið viðloðandi All Tomorrow's Parties í gegnum tíðina. Hver er munurinn á hátíðinni og öðrum hátíðum að þínu mati?

Þetta er svo frábær hátíð. Barry Hogan og Deborah Kee Higgins eru virkilega gott fólk og andrúmsloftið í kringum þau og hátíðina er svo gott og áhugavert. Tónlistin er alltaf góð og hátíðin er ekki rekin með gróða að leiðarljósi. Við höfum þrisvar verið gestgjafar og við völdum öll atriðin á hátíðinni. Hátíðin á Íslandi er örlítið ólík þeim sem við höfum spilað á áður þar sem við erum bara að spila en ekki að velja böndin. Við vitum þó að andrúmsloftið verður mjög einstakt og við hlökkum mjög mikið til þess að koma að spila.

„Ég er þakklátur fyrir að hafa alist upp við það að tónlistarfólk var leyndardómsfyllra af því að upplýsingarnar um það voru ekki auðfundnar."

Hvernig líst þér á hin tónlistaratriðin á hátíðinni á Íslandi?

Ég þekki ekki öll böndin sem eru að spila og ég verð að segja að ég er ansi svekktur yfir því að missa af Neil Young & Crazy Horse, þar sem við verðum ekki komin þegar þeir spila. Ég er mjög spenntur fyrir því að sjá Mogwai, Shellac, Liars og Swans og svo hef ég aldrei séð The Haxan Cloak spila á tónleikum. Mér finnst hann vera frábær og hlakka mjög mikið til að sjá tónleikana hans. Ég ætla að reyna að sjá allt sem ég get á meðan við verðum á landinu og vonandi náum við að hitta meðlimi Sigur Rósar og hanga aðeins með þeim.

Bristol hefur lengi verið suðupottur fyrir spennandi og áhugaverða tónlist. Hvernig upplifir þú tónlistarlífið þar?

Mér hefur alltaf fundist tónlistin héðan vera mjög fjölbreytt og frábær en borgaryfirvöld hafa aldrei sýnt senunni hérna neinn sérstakan áhuga og hefur það oft vakið upp gremju í manni. Við höfum aldrei átt almennilegt tónlistarhús og tónleikastaðir eru alltaf að loka. Borgaryfirvöld reyndu lengi að góma myndlistarmanninn Banksy sem er héðan og mála yfir verkin hans en þau eru aðeins farin að slaka á núna þar sem hann þénar mikið með list sinni. Það er frekar fúlt hvað það er lítið gert til þess að styðja við bakið á listalífinu hér

í borginni en engu að síður er það alltaf mjög frjótt og það er alltaf eitthvað spennandi í gangi. Ég flutti hingað vegna tónlistarinnar og sama má segja um Geoff, sem er ekki heldur frá Bristol. Burtséð frá því hvort senan fær stuðning eða ekki virðist hún lifa mjög heilbrigðu og góðu lífi.



Hrifinn af ATP
Adrian Utley segist hrifinn af ATP-hátíðinni vegna þess að tónlistin sé alltaf góð og hátíðin sé ekki rekin með gróða að leiðarljósi.

Gróska í Bristol

Er eitthvað nýtt og spennandi í gangi í Bristol sem þér finnst að lesendur Kjarnans ættu að kynna sér?
Það er ung hljómsveit sem heitir Young Echo og byrjaði sem dubstep-hljómsveit en hefur að mestu snúið baki við þeirri tónlistarstefnu. Young Echo er líkari samvinnuverkefni margra hljómsveita en hefðbundnari hljómsveit þar sem meðlimir hennar eru allir í öðrum verkefnum. Mér finnst Kahn einnig gera mjög spennandi hluti, en hann er einnig meðlimur í Young Echo. Svo er hljómsveit sem hefur spilað töluvert með okkur og heitir Thought Forms sem ég er mjög hrifinn af.

Þú ert búinn að vera viðloðandi tónlist ansi lengi, ekki satt?
Jú, ég hef verið að sýsla í tónlist frá því ég flosnaði upp úr listaskólanámi. Ég er jafn spenntur fyrir því að gera tónlist og ég var þegar ég var að byrja.

Finnst þér vera mikill munur á tónlistarlandslaginu í dag og þegar þú varst að hefja ferilinn?
Já, það er miklu auðveldara að gera tónlist og plötur í dag. Tæknin gerir fólki miklu auðveldara fyrir. Hér áður fyrr voru það nær eingöngu ríkir karlar sem áttu hljóðver og gátu fjármagnað plötur. Nú er hægt að gera plötur nánast hvar sem er. Aðgangur fólks að tónlist og upplýsingum um tónlist er miklu greiðari en hann var áður.

Þegar ég var ungur þurfti maður að leggja mjög mikið á sig til að heyra í hljómsveitum á borð við Faust eða Amon Düül. Maður þurfti helst að þekkja einhvern vel stæðan sem átti flott plötusafn til þess að heyra þessa tónlist. Nú er þetta ekkert mál, ef maður vill kynna sér eitthvað eða heyra eitthvað þarf maður bara að leita á internetinu og maður fær það sem maður vill innan fárra sekúnda. Það er reyndar eitt sem ég sakna og það er að í dag er minni dulúð í kringum tónlistarmenn og hljómsveitir. Ég er þakklátur fyrir að hafa alist upp við það að tónlistarfólk var leyndardómsfyllra af því að upplýsingarnar um það voru ekki auðfundnar. Núna finnur maður allt með því að leita á Wikipedia og sambærilegum vefsvæðum.

Meiri sál í gömlum hljóðgervlum


Meðlimir Portishead hafa verið nokkuð iðnir við að gera tónlist utan hljómsveitarinnar síðastliðin ár. Finnst þér það hjálpa hljómsveitinni og ykkur sem skapandi tónlistarfólki?

Mér finnst það hjálpa okkur að því leyti að það veitir okkur innspýtingu og aukinn sköpunarkraft að fást við aðra hluti en Portishead. Á hinn bóginn lengir það biðina á milli platna hjá okkur en okkur finnst gott að hafa frelsi til þess að gera hluti fyrir utan hljómsveitina.

Þið hafið alltaf aðhyllst gamla tækni í tónlistarsköpun ykkar, samanber alla gömlu hljóðgervlana sem þið notið á plötum ykkar. Af hverju hafið þið valið að fara þá leið?
Við notum allt sem virkar fyrir okkur og við notum eitthvað af nýjum græjum en einhverra hluta vegna höfum við frekar valið að nota gömul hljóðfæri en ný. Ástæðan fyrir því að við höfum leitað í gömul hljóðfæri er oft sú að við þekkjum þau betur en þau nýju og erum kannski búin að eiga þau í fjöldamörg ár. Persónulega finnst mér meiri sál í gömlum hljóðgervlum en nýjum. Við spiluðum á tónlistarhátíð með Björk fyrir nokkrum árum og hún var að nota nýja Moog-hljóðgervla sem hljómuðu alveg stórkostlega. Við notum samt alveg ný forrit og kynnum okkur nýja tækni, sem við hefðum aldrei gert þegar við vorum að byrja.

Eruð þið með nýja plötu í bígerð?
Já, við Geoff hittumst tvisvar sinnum í viku og erum að vinna í nýju efni og tala um hvað við viljum gera. Ég er líka að fást við mitt eigið efni og sömuleiðis Beth og Geoff. Við erum mjög spennt fyrir því að klára næstu plötu en ég get ekki sagt hvenær hún verður tilbúin.

Hvað er fram undan hjá ykkur?
Við erum að undirbúa tónleikaferðina sem við erum að hefja fljótlega. Annars er ég að stikna úr hita hérna í hljóðverinu og langar bara að koma mér út í sveit með börnunum mínum. Það getur verið erfitt að hanga inni í hljóðveri í svona hita, mér finnst skemmtilegast að vinna þegar veðrið er grátt og blautt. Ég hlakka til að koma til Íslands og spila, það verður gaman.



BEINT Í MARK

Risarnir á markaðnum keppast við að gera bestu HM-auglýsinguna með misgóðum árangri.



Margar tegundir fótbolta á Hooters


Hooters-veitingakeðjan í Bandaríkjunum

Ameríkanar tala ekki um fótbolta eins og aðrar þjóðir heldur „soccer“. Hooters ákvað að taka það tilfelli aðeins lengra en góðu hófi gegnir, eins og Hooters er von og vísa.

Þetta er alvöru fótbolti

Kia kennir Ameríkönum fótbolta

Hvað gerist þegar brasilíska ofurmódelið Adriana Lima kemur akandi inn á æfingasvæði á Kia-bílnum sínum og sparkar alvöru fótbolta að brynvörðum amerískum fótboltamönnum?





Landsliðið flýgur með TAM

Brasilíska flugfélagið TAM flýgur hetjunum heim


Þeir Thiago Silva, David Luiz og Marcelo eiga það allir sameiginlegt að vera frá Brasilíu en spila í Evrópu. Einhvern veginn verða þeir því að komast heim til að spila á HM.

Frír matur bragðast alltaf betur

Burger King býður frían borgara fyrir áhugamenn

Ef stuðningsmenn landanna á HM mæta í treyjum liðs síns á Burger King á meðan liðið þeirra spilar fá þeir frían hamborgara að launum. Þá er spurning hvort nokkur mæti?





Hættum öllu fyrir fótbolta

Nike útskýrir hvers vegna fótbolti er frábær leikur

Hvað skyldi gerast ef einhver skuggalega líkur Willem Dafoe myndi búa til vélmennaleikmenn sem tækju aldrei áhættu? Nú, Gamli-Ronaldo myndi ræna öllum alvöru fótboltamönnunum og stilla upp besta liði í heimi. Einfalt.



Stígur Helgason
fyrrverandi blaðamaður

Að fela söguna

Stígur Helgason skrifar um þjóðmenningu, hinn íslenska Árna Magnússon, Hróa Hött og fagurhærða pístlavottinn.

Það er þetta með þjóðmenninguna. Ríkisstjórnin boðaði í fyrra að nú skyldi hlúa að henni og hafa hana í hávegum, þjóðmenninguna. Framsóknarflokkurinn hafði á landsfundi tveimur árum áður – og svo sem löngu fyrr og síðar – fært okkur heim sanninnum það hver þjóðmenningin væri: Þjóðmenning er glímusýning uppi á sviði fyrir fullum bíósal af gömlu fólki, þjóðmenning er Egill Ólafsson að belja ættjarðarljóð, þjóðmenning er allt sem Jóni Sigurðssyni gæti hafa fundist um nútímann og þjóðmenning er Guðni Ágústsson að borða lengsta hrossabjúga í heimi og tala um gult fólk í sömu andrá og hann sver af sér xenófóbíu.

Hafi einhver haldið að þjóðmenning væri líka húsið sem til stóð að reisa utan um öll handritin okkar, tungumálið, sagnaarfinn og stúdíuna sem tengist honum, þá er það misskilningur. Því verkefni var hrundið af stokkunum af landráðastjórninni sem vildi selja Íslendinga í ánauð á meginlandinu og þess vegna er miklu betra að hafa við Suðurgötuna stóra, þjóðmenningarlega holu botnfulla af alíslensku vatni sem bíður þess eins að gufa upp, falla aftur til jarðar yfir hálendinu og knýja þar nýrómantískar lýðræðisvirkjanir.

Nei, Konungsbók Eddukvæða er ekki þjóðmenningin sem þarf að hlúa að – öllum þeim íslensku handritum og verðmætum sem þarfnast varðveislu hefur forsætisráðherra sjálfur komið fyrir haganlega og áráttukennt í fúkkanum í gólfum og veggjum útvarpshússins við Efstaleiti. Þar eru gersemar á borð við ríkisreikning ársins 1998, Gallup-kannanir frá 1994 sem sýna fram á að þá hlakkaði fólk til jólanna, skýrslur um reynslu bænda af verkun heys í rúllu-bagga og upplýsinga- og tæknimenntun í grunnskólum árið 1997, snýtibréf og tékklistar fyrir sminkur, allt meira og minna sundurnagað og útatað í músaskít.

Þetta er þjóðmenningin sem Sigmundur Davíð forðaði frá glötun „eins og Árni [Magnússon] forðum“, svo vitnað sé í hann sjálfan. Það er ekki galin samlíking. Þarna vantaði bara eintak af Stuttum Frakka á VHS og þá hefði þetta verið svo til fullkomið þjóðmenningarlegt yfirlit yfir Ísland tíunda áratugarins.

„Ef Sigmundur Davíð er Árni Magnússon okkar tíma, sem er rök-rétt að álykta, þá er Siggi hakkari hinn nýi Hrói Höttur (nei, ekki pítsustaðurinn).“

Árni, Hrói og hinn hárprúði

Þjóðmenning er reyndar að byggja helst engin ný hús – einu húsin sem máli skipta eru saggablautt útvarpshúsið, svo framarlega sem einhverjir aðrir en kommúnískir loftskeyta-menn ráða þar ríkjum, og Laugavegur 4-6. Fleiri hús þarf ekki, ekki undir íslensk fræði, ekki listaháskóla, ekki Landsbankann, ekki frekjudósirnar sem vilja búa í Vatnsmýri, og alls ekki mosku. Þjóðmenning er holur og víðátta og berangur. Mínarettur eru ekki þjóðmenning. Þjóðmenning er að bera ótta í brjósti – málefnalegan, vel að merkja – um að lenda í nauðungarhjónabandi. Það er kannski ekki þjóðmenning að hóta því að drepa Salmann Tamimi, en það er að minnsta kosti þörf umræða og gott hjá Framsóknarflokknum að opna á hana. Það útheimti djörfung sem fæst bara með íslensku samsölumjólkinni.

Síðan höfum við tekið upp á því, að sérískenskum og þjóðmenningarlegum sið, að gera bræður saksóttra manna

að dómurum af því að okkur er farið að leiðast svo að senda bankamenn í fangelsi. Núna er Siggi hakkari okkar ofsóttasta þjóðhetja. Ef Sigmundur Davíð er Árni Magnússon okkar tíma, sem er rökrétt að álykta, þá er Siggi hakkari hinn nýi Hrói Höttur (nei, ekki pítsustaðurinn). Alveg eins og Hrói hélt þurfalingunum uppi með því að ræna vondu lénsherrana hefur Siggi stolið fyrir tugmilljónir af sálar- og siðlausum skyndibita-, bílaleigu- og úlpukeðjum og leyft svöngum sautján ára unglingsstrákum að njóta afrakstursins á milli þess sem hann bregður sér á leynileg stefnumót með FBI í Bandaríkjunum og býður sjálfum sér á þingnefndarfundi í fylgd lífvarða. Og ef Sigmundur er Árni og Siggi er Hrói þá er Jón Ásgeir Jóhannesson hinn fagurhærði píslarvottur sem umburðarlausir valdsmenn hafa einelt í á annan áratug og leitt fram fyrir lýðinn til krossfestingar. Barrabas hét hann – sá sem slapp. Munaði litlu að það yrði hinn, þessi með þyrnikórónuna.

„Þarna vantaði bara eintak af Stuttum Frakka á VHS og þá hefði þetta verið svo til fullkomið þjóðmenningarlegt yfirlit yfir Ísland tíunda áratugarins.“

Framsókn er ekki nútíma-neitt

En Framsóknarflokkurinn, nútíma-hvað er hann? Stutta svarið er að hann er ekki nútíma-neitt, þótt hann hafi lagst í sama leiðangur og útgerðarmennirnir og reynt að telja okkur trú um að hann sé hinn nýi gyðingur og allir aðrir hinar nýju SS-sveitir; Sláturfélag Samfylkingarinnar. Um þessa helför vorra daga eru meira að segja haldin seminör í útlöndum þar sem Eygló Harðardóttir, sem einhvern veginn hafði tekist að skapa sér ímynd skynsama framsóknarmannsins – aðallega með því að segja sem minnst – tók að sér það óeigingjarna hlutskipti að messa yfir hausamótunum á kvenréttindafrömuðum Norðurlandanna um það hvílíku misrétti og hatri forystuflokkur íslensku ríkisstjórnarinnar þyrfti að sæta heima við. Fulltrúar hans fá ekki einu sinni vel launuð sæti í stjórn Faxaflóahafna lengur eins og hefðarrétturinn gerir ráð fyrir. Þar eru þeir jaðarsettir og útskúfaðir eins og annars staðar. Gott ef

ráðstefnugestir í Malmö sendu ekki frá sér ályktun í lok fundar um að baráttan fyrir jöfnum rétti kynjanna í þessum heimi yrði sett á ís til að hægt væri að verja kröftunum í að tryggja óskoraðan rétt stjórnmálaflokka til að hafa heimskulegar skoðanir án þess að þurfa að bera ábyrgð á þeim eða sæta gagnrýni.

Samt situr Sigmundur Davíð núna, ekur sér í hásætinu með úrklippubókina eftir borgarstjórnarkosningarnar í fanginu og veltir fyrir sér hvar í Stjórnarráðshúsinu sé best að fela söguna. Eða hvort Morgunblaðið verði enn til þegar stjórnmálaferlinum lýkur svo að hann geti að minnsta kosti endurskrifað hana.

Áður en Ingvar Gíslason hendir í baneitraða sleggjugrein um hatursorðræðu og ófrægingu er rétt að taka fram að ég hata ekki Framsóknarflokkinn. Ég vildi bara að hann væri ekki eins og hann er.

(Þessi pistill var skrifaður áður er forsætisráðherra flutti þjóðhátíðarávarp sitt á Austurvelli – annars hefði höfundur líklega fengið heilablóðfall.)